

Nr. 067 / 11 Skarpur BA 373***Fær í skrúfunu og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6728
Smíðaður: Hafnarfirði 1986 plast
Stærð: 6,9 brl. 5,6 bt.
Mesta lengd: 9,33 m Skráð lengd: 8,51 m
Breidd: 2,5 m Dýpt: 1,09 m
Vél: Volvo Penta 119 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 5



Skarpur ©Finnur Pétursson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 29. ágúst 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 28. maí 2011 var skemmtibáturinn Skarpur BA 373 á siglingu á Patreksfjarðarflóa. Veður: NA 10 m/sek.

Á siglingunni stöðvaðist skrúfan og í ljós komu ákomur á skrúfublöðum og tannhjól í drifinu voru brotin. Bátsverjar fengu annan bát til að kippa sér betur frá landi en síðan kom Sæli BA 333 og dró Skarp BA til hafnar á Patreksfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn taldi sennilegast að eitthvað hefði farið í skrúfunu þrátt fyrir að verða ekki var við nein högg á siglingunni;
- að skipstjórinn kvaðst hafa siglt á lítilli ferð;
- að skipstjórinn sagði drifið hafa verið það illa farið og ekki talið ástæðu til að skoða það áður en nýtt var sett í bátinn.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.